



Félag löggiltra
endurskoðenda

Reykjavík 7. febrúar 2013
Tilvísun FLE 5-2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
b/t Sigrúnu Helgu Sigurjónsdóttur

Málefni: Frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, 469 mál.

Með tölvupósti dags. 28. janúar s.l. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til Álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin vill koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri:

Athugasemdir við b. lið 4. greinar frumvarpsins:

Álitsnefndin gerir ekki athugasemd við þessa breytingu en bendir á að sambærileg ákvæði koma fram í 3. málsgrein 34. greinar. Hér er því um tvítekingu að ræða og leggur því til að ákvæðin í 34. grein verði felld niður.

Ábending vegna 2. málsgreinar 42. greinar laganna:

Álitsnefndin leggur til að ákvæði þessarar málsgreinar verði felld brott enda eru takmarkanir á stöðu og störfum endurskoðenda skýrt skilgreindar í lögum um endurskoðendur (79/2008). Þær takmarkanir taka til þeirra þátta sem tilgreind eru í þessum lögum en eru að auki mun víðtækari í lögum um endurskoðendur. Það er því afar óheppilegt að hafa slíkar skilgreiningar á mörgum stöðum og með mismunandi hætti, þar sem slíkt skapar réttaróvissu.

Virðingarfyllt,

f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Sigurður B. Arnþórsson', is written over a faint, larger version of the same signature.

Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE

